

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2005/39/EB

2008/EES/73/09

frá 7. september 2005

## um breytingu á tilskipun ráðsins 74/408/EBE um sæti, sætisfestingar og höfuðpúða í vélknúnum ökutækjum (\*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna<sup>(1)</sup>,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans<sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rannsóknir hafa sýnt að notkun öryggisbelta og aðhaldsbúnaðar getur stuðlað að verulegri fækkun dauðsfalla og alvarleika áverka af völdum slysa, jafnvel þegar um bílveltu er að ræða. Festing þeirra í öllum flokkum ökutækja mun vera mikilvægt skref í þá átt að koma á auknu umferðaröryggi og þar af leiðandi bjarga mannlífum.
- 2) Ef sett eru öryggisbelti í öll ökutæki mun nást verulegur ávinningur fyrir þjóðfélagið.
- 3) Í ályktun Evrópuþingsins frá 18. febrúar 1986 um sameiginlegar ráðstafanir til að draga úr umferðarslysum á vegum sem er hluti af áætlun Bandalagsins um umferðaröryggi<sup>(3)</sup> er lögð áhersla á þörfina á því að lögbjóða notkun öryggisbelta fyrir alla farþega, þ.m.t. börn, nema í ökutækjum í almenningsvögnum og öðrum ökutækjum hvað varðar skyldubundna isetningu öryggisbelta og/eða aðhaldsbúnaðar.
- 4) Samkvæmt tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra<sup>(4)</sup> hefur gerðarviðurkenningarkerfi Bandalagsins

aðeins verið notað fyrir öll ný ökutæki í flokki M<sub>1</sub> frá 1. janúar 1998. Af þessum sökum þurfa einungis ökutæki í flokki M<sub>1</sub>, sem fá gerðarviðurkenningu eftir þann dag, að vera búin sætum, sætisfestingum og höfuðpúðum í samræmi við ákvæði tilskipunar 74/408/EBE<sup>(5)</sup>.

- 5) Þar til gerðarviðurkenningarkerfi Bandalagsins hefur verið rýmkað þannig að það nái til allra flokka ökutækja skal krefjast ísetningar sæta og sætisfestinga sem samrýmist ísetningu festinga sætisbelta, í þágu umferðaröryggis, í ökutækjum í öðrum flokkum en M<sub>1</sub>
- 6) Í tilskipun 74/408/EBE er nú þegar kveðið á um öll tæknileg ákvæði og stjórnsýsluákvæði er heimila gerðarviðurkenningu annarra ökutækja en í flokki M<sub>1</sub>. Þar af leiðandi þurfa aðildarríkin ekki að setja önnur ákvæði.
- 7) Frá gildistöku tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 96/37/EB frá 17. júní 1996 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 74/408/EBE<sup>(6)</sup> hafa nokkur aðildarríki nú þegar lögboðið ákvæði hennar varðandi tiltekna flokka ökutækja annarra en í M<sub>1</sub>. Framleiðendur og birgjar þeirra hafa þar af leiðandi þróað viðeigandi tækni.
- 8) Rannsóknir hafa leitt í ljós að öryggisbelti, sem sett eru í sæti sem snúa til hliðar, geta ekki tryggt sama öryggi fyrir farþega og öryggisbelti í sætum sem vísa fram. Af öryggisástæðum er brynt að banna slík sæti í tilteknum flokkum ökutækja.
- 9) Ákvæðin sem heimila sæti sem snúa til hliðar með tveggjafestu belti í tilteknum undirflokkum ökutækja í flokki M<sub>3</sub> skulu vera til bráðabirgða og gilda þar til löggjöf Bandalagsins varðandi endursamningu tilskipunar 70/156/EBE og rýmkun gerðarviðurkenningarkerfis Bandalagsins þannig að það nái til allra ökutækja, þ.m.t. ökutæki í flokki M<sub>3</sub>, öðlast gildi.
- 10) Breyta ber tilskipun 74/408/EBE til samræmis við það.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 143. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2006 frá 7. júlí 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 52, 19.10.2006, bls. 4.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 80, 30.3.2004, bls. 6.

<sup>(2)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 17. desember 2003 (Stjtið. ESB C 91 E, 15.4.2004, bls. 487), sameiginleg afstaða ráðsins frá 24. janúar 2005 (Stjtið. ESB C 111 E, 11.5.2005, bls. 33), afstaða Evrópuþingsins frá 26. maí 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 12. júlí 2005.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB C 68, 24.3.1986, bls. 35.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/104/EB (Stjtið. ESB L 337, 13.11.2004, bls. 13).

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 221, 12.8.1974, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 186, 25.7.1996, bls. 28.

11) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. auknu umferðaröryggi með því að lögbjóða festingu öryggisbelta í tilteknum flokkum ökutækja, verður því markmiði betur náð á vettvangi Bandalagsins vegna þess hve aðgerðin er umfangsmikil og er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná því markmiði.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*I. gr.*

#### Breytingar á tilskipun 74/408/EBE

Tilskipun 74/408/EBE er hér með breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi undirgrein bætist við 1. mgr.:

„Ökutækjum í flokkum M<sub>2</sub> og M<sub>3</sub> skal skipt í tvo undirflokka eins og skilgreint er í 2. lið I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/85/EB frá 20. nóvember 2001 um sérákvæði fyrir ökutæki sem eru ætluð til farþegaflutninga og taka fleiri en átta manns í sæti auk öikumans (\*).

(\*) Stjtið. EB L 42, 13.2.2002, bls. 1.“

b) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Þessi tilskipun gildir ekki um sæti sem vísa aftur.“

2. Eftirfarandi grein bætist við:

„3. gr. a

1. Banna skal ísetningu sæta sem snúa til hliðar í ökutækjum í flokkum M<sub>1</sub>, N<sub>1</sub>, M<sub>2</sub> (undirflokkur III eða B) og M<sub>3</sub> (undirflokkur III eða B).

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um sjúkrabíla eða ökutæki sem skráð eru í fyrsta undirlið 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 70/156/EBE.

3. Ákvæði 1. mgr. gilda enn fremur ekki um ökutæki í flokki M<sub>3</sub> (undirflokkur III eða B) með tæknilega leyfilegan hámarks massa með hleðslu yfir 10 tonnum þar sem sæti sem snúa til hliðar eru öll aftast í ökutækinu og mynda eina heild með allt að 10 sætum. Slík sæti sem snúa til hliðar skulu a.m.k. búin höfuðpúða og tveggjafestu belti með inndráttarbúnaði sem hafa fengið gerðarviðurkenningu í samræmi við tilskipun ráðsins 77/541/EBE (\*). Festingarnar fyrir öryggisbelti þeirra skulu vera í samræmi við tilskipun ráðsins 76/115/EBE (\*\*).

Þessi undanþága gildir í fimm ár frá 20. október 2005. Heimilt er að framlengja hana ef áreiðanlegar tölfræðilegar

upplýsingar um slys liggja fyrir og aðhaldsbúnaðurinn hefur verið þróaður enn frekar.

(\*) Stjtið. EB L 220, 29.8.1977, bls. 95. Tilskipunin eins og henni var breytt með aðildarlögunum frá 2003.

(\*\*) Stjtið. EB L 24, 30.1.1976, bls. 6. Tilskipuninni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/38/EB (Stjtið. EB L 187, 26.7.1996, bls. 95).“

3. Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað liðar 1.1 komi eftirfarandi:

„1.1. Kröfumar í þessum viðauka gilda ekki um sæti sem vísa aftur eða um höfuðpúða sem eru festir við slík sæti.“

b) Í stað liðar 2.3 komi eftirfarandi:

„2.3. „sæti“: grind sem er ýmist hluti af burðarvirki ökutækis eða ekki, ásamt þeim búnaði sem henni fylgir, og er ætluð sem sæti fyrir einn fullorðinn. Hugtakið tekur bæði til staks sætis og þess hluta bekkisætis sem ætlaður er fyrir einn fullorðinn.

Sæti er skilgreint á eftirfarandi hátt, eftir því hvert það snýr:

2.3.1. „sæti sem vísar fram“: sæti sem hægt er að nota á meðan ökutækið er á ferð og vísar fram í ökutækinu þannig að lóðrétt samhverfuplan sætisins myndar minna horn en + 10° eða - 10° á lóðrétt samhverfuplan ökutækisins,

2.3.2. „sæti sem vísar aftur“: sæti sem hægt er að nota á meðan ökutækið er á ferð og vísar aftur í ökutækinu þannig að lóðrétt samhverfuplan sætisins myndar minna horn en + 10° eða - 10° á lóðrétt samhverfuplan ökutækisins,

2.3.3. „sæti sem snýr til hliðar“: sæti sem, með tilliti til afstöðu þess miðað við lóðrétt samhverfuplan ökutækisins, fellur hvorki undir skilgreiningu í lið 2.3.1 né 2.3.2 hér að framan.“

c) Liður 2.9 falli brott.

4. Í stað liðar 2.5 í III. viðauka komi eftirfarandi:

„2.5. „sæti“: grind, ásamt búnaði sem henni fylgir og tengingarþúnaði, sem festa má við burðarvirki ökutækisins og ætluð er til nota í ökutæki sem sæti fyrir einn fullorðinn eða fleiri.

Sæti er skilgreint á eftirfarandi hátt, eftir því hvert það snýr:

2.5.1. „sæti sem vísar fram“: sæti sem hægt er að nota á meðan ökutækið er á ferð og vísar fram í ökutækinu þannig að lóðrétt samhverfuplan sætisins myndar minna horn en  $+ 10^\circ$  eða  $- 10^\circ$  á lóðrétt samhverfuplan ökutækisins,

2.5.2. „Sæti sem vísar aftur“: sæti sem hægt er að nota á meðan ökutækið er á ferð og vísar aftur í ökutækinu þannig að lóðrétt samhverfuplan sætisins myndar minna horn en  $+ 10^\circ$  eða  $- 10^\circ$  á lóðrétt samhverfuplan ökutækisins,

2.5.3. „sæti sem snýr til hliðar“: sæti sem, með tilliti til staðsetningar þess miðað við lóðrétt samhverfuplan ökutækisins, fellur hvorki undir skilgreiningu í lið 2.5.1 né 2.5.2 hér að framan.“

5. Texta IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað liðar 1.1 komi eftirfarandi:

„1.1. Kröfurnar, sem settar eru fram í þessum viðauka, gilda um ökutæki í flokkum  $N_1$ ,  $N_2$  og  $N_3$  og um þau ökutæki í flokkum  $M_2$  og  $M_3$  sem heyra ekki undir gildissvið III. viðauka. Að undanskildum ákvæðum liðar 2.5 gilda kröfurnar einnig um sæti sem snúa til hliðar í öllum flokkum ökutækja.“

b) Í stað liðar 2.4 komi eftirfarandi:

„2.4. Öll sæti, sem unnt er að fella fram eða eru búin fellibökum, verða að læsast sjálfkrafa í venjulegri stöðu. Þessi krafa gildir ekki um sæti sem eru í rými fyrir hjólastóla í ökutækjum í flokki  $M_2$  eða  $M_3$  í undirflokki I, II eða A.“

2. gr.

#### Framkvæmd

1. Frá og með 20. apríl 2006, að því er varðar sæti, sætisfestingar og höfuðpúða sem eru í samræmi við kröfurnar sem eru settar fram þessari tilskipun, skulu aðildarríkin ekki:

a) synja um EB-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu hvað varðar gerð ökutækis,

b) banna að ný ökutæki séu skráð, seld, eða tekin í notkun.

2. Frá og með 20. október 2006, að því er varðar sæti, sætisfestingar og höfuðpúða sem eru ekki í samræmi við kröfurnar sem eru settar fram þessari tilskipun, skulu aðildarríkin að því er varðar nýja gerð ökutækis:

a) ekki lengur veita EB-gerðarviðurkenningu,

b) synja um innlenda gerðarviðurkenningu.

3. Frá og með 20. október 2007, að því er varðar sæti, sætisfestingar og höfuðpúða sem eru ekki í samræmi við kröfurnar sem eru settar fram þessari tilskipun, skulu aðildarríkin:

a) líta á samræmisvottorð, sem fylgja nýjum ökutækjum, sem ógild að því er varðar 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 70/156/EBE,

b) neita að skrá megi, selja og taka í notkun ný ökutæki nema unnt sé að skírskota til ákvæða 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 70/156/EBE.

3. gr.

#### Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnslufluyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 20. apríl 2006. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá 21. apríl 2006.

3. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

4. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

4. gr.

#### Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

#### Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 7. september 2005.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. BORRELL FONTELLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

C. CLARKE

forseti.